

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 2003

Nr. 5

12

13. febrúar 2003

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 13. febrúar 2003.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 6

17. febrúar 2003

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 17. febrúar 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 7

11. febrúar 2003

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu utanríkisráðherra og með vísan til 4. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1.
 - a. Sendiráð skulu vera í Berlín, Brussel, Helsinki, Kaupmannahöfn, London, Mapútó, Moskvu, Ottawa, Ósló, París, Peking, Stokkhólmi, Tókýó og Washington. Sendiráðin í London og París skulu jafnframt gegna hlutverki fastanefnda hjá nánar tilteknum alþjóðastofnunum.
 - b. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf, New York, Strassborg og Vín. Fastanefndirnar í Genf, New York, Strassborg og Vín skulu jafnframt gegna hlutverki sendiráðs gagnvart nánar tilteknum ríkjum.
 - c. Aðalræðisskrifstofur skulu vera í New York og Winnipeg.
2. Umdæmi sendiráða skulu vera sem hér segir:
 - a. *Berlín*. Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Króatía, Pólland og Sviss.
 - b. *Brussel*. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Liechtenstein, Lúxemborg og Marokkó. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu (ESB/EU).
 - c. *Helsinki*. Auk Finnlands skal umdæmi sendiráðsins vera Eistland, Lettland, Litháen og Úkraína.
 - d. *Kaupmannahöfn*. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ísrael, Jórdanía, Rúmenía, Túnis og Tyrkland.
 - e. *London*. Auk Bretlands skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland, Holland, Indland, Írland, Líbanon, Maldíveyjar, Malta, Nepal og Nígería. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnuninni.
 - f. *Mapútó*. Auk Mósambík skal umdæmi sendiráðsins vera Angóla, Kenía, Malaví, Namibía, Sambía, Suður-Afríka, Tansanía og Úganda.
 - g. *Moskva*. Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Armenía, Aserbaídsjan, Georgía, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Kirgisía, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkménistan og Úsbekistan.
 - h. *Ottawa*. Auk Kanada skal umdæmi sendiráðsins vera Ekvador, Kostaríka, Kólumbía, Níkaragva, Panama, Perú og Venesúela.
 - i. *Ósló*. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alsír, Egyptaland, Katar, Kúveit, Kýpur, Makedónía (fyrrum Sambandslýðveldi Júgóslavíu) og Sádi-Arabía.
 - j. *París*. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Andorra, Ítalía, Portúgal, San Marínó og Spánn. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm á Ítalíu.
 - k. *Peking*. Auk Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Ástralía, Mongólía, Norður-Kórea (Alþýðulýðveldið Kórea), Nýja-Sjáland, Suður-Kórea (Lýðveldið Kórea) og Víetnam.
 - l. *Stokkhólmur*. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Albanía, Banglades, Búlgarí, Júgóslavía (Serbía-Svartfjallaland), Pakistan og Srí Lanka.
 - m. *Tókýó*. Auk Japans skal umdæmi sendiráðsins vera Austur-Tímor og Filippseyjar.
 - n. *Washington*. Auk Bandaríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Argentína, Brasilía, Chile, El Salvador, Gvatemala, Mexíkó og Úrúgvæ.
3. Fyrirsvar fastanefnda skal vera sem hér segir:
 - a. *Brussel*. Auk Atlantshafsbandalagsins (NATO) og stofnana tengdra því skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Vestur-Evrópusambandinu (VES/WEU) og Stofnuninni um bann við efnavopnum (OPCW) í Haag í Hollandi.
 - b. *Genf*. Auk Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni

- (WHO), Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO). Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Slóveníu.
- c. *New York*. Auk þess að fara með fyrirsva gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs. Umdæmi þess skal vera eftirtalin ríki Karíbahafs: Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Dóminíska lýðveldið, Grenada, Jamaica og Kúba.
 - d. *Strassborg*. Auk þess að fara með fyrirsva gagnvart Evrópuráðinu skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Páfagarði.
 - e. *Vín*. Auk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE/OSCE) skal fastanefndin fara með fyrirsva gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín. Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Austurríki, Bosníu og Hersegóvínu, Slóvakíu, Tékklandi og Ungverjalandi.
4. Umdæmi aðalræðisskrifstofa skulu vera sem hér segir:
 - a. *New York*. Auk New York fylkis skal umdæmi aðalræðisskrifstofunnar vera fylkin Connecticut, New Jersey og Rhode Island.
 - b. *Winnipeg*. Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera héraðið Manitoba, að undanskilinni borginni Gimli.
 5. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsva gagnvart öðrum ríkjum sem Ísland hefur stjórn-
málasamband við, m.a. með skipun sendiherra með búsetu í Reykjavík eftir því sem ástæða er til:
 - a. *Afríka*: Botsvana, Búrkiná Fasó, Eþíópía, Gana, Grænhöfðaeýjar, Lesótó, Níger, Seychelleseyjar, Sómalía og Svasíland.
 - b. *Mið-Austurlönd*: Barein, Írak, Íran, Jemen og Óman.
 - c. *Asía*: Indónesía, Kambódía, Malasía, Singapúr og Taíland.
 - d. *Eyjaálfa*: Marshallseyjar og Papúa.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 131 frá 12. desember 2001.

Gjört í Reykjavík, 11. febrúar 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.